

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá
Heiðu Kristínu Helgadóttur um styrki eða niðurgreiðslur til fjölmiðla.

1. *Hefur ráðherra eða ráðuneyti hans skoðað möguleika á því að veita fjölmiðlum styrki eða niðurgreiðslur til að tryggja fjölbreytileika og koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, líkt og gert er víða í Evrópu, m.a. í ríkjum annars staðar á Norðurlöndum?*

Árið 2009 var athugað hvort nýta mætti eftirstöðvar af fjármunum, sem voru til í Menningarsjóði útvarpsstöðva, til að styrkja rannsóknarblaðamennsku og/eða gerð heimildamynda. Af því varð ekki og hefur ekki verið hreyft við stofnun sjóðs á sviði fjölmiðlunar síðan. Ráðuneytinu er kunnugt um fyrirkomulag fjölmiðlasjóða annars staðar á Norðurlöndum en ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort slíkt fyrirkomulag kæmi til greina hér á landi auk þess sem talið hefur verið að ekki væri fjárhagslegt svigrúm fyrir hendi hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að verja fé til verkefna af því tagi sem hér um ræðir.

2. *Hver er skoðun ráðherra á slíkum niðurgreiðslum eða styrkjum til handa fjölmiðlum?*

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er hlutverk fjölmiðla skýrt skilgreint, en þar segir að fjölmiðlar leiki „lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagssumræðu og veita aðhald þeim öflum sem vinna gegn almannahag“. Í fjölmiðlalögunum er gengið út frá þessari skilgreiningu. Auk tjáningarfrelsis, sem allir þegnar í lýðræðisríkjum njóta, er fjölmiðlum veitt tiltekin réttindi umfram aðra, t.d. er varðar vernd heimildarmanna. Í ljósi þeirrar sérstöðu og áhrifavalds, sem fjölmiðlar í lýðræðisríkjum hafa, er litið svo á að þeir hafi ríkum skyldum að gegna gagnvart almenningi. Í evrópskum lýðræðisríkjum er því almennt talið að fjölmiðlar séu af þessum sökum ólíkir öðrum fyrirtækjum og því sé eðlilegt að um þá gildi sérstakar reglur, sem taki mið af framansögðu.

Af þessu leiðir að ekki er hægt að útiloka þann möguleika að fjölmiðlar njóti aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til að auðvelda þeim að rækja hlutverk sitt en sem kæmu síður, eða alls ekki, til greina fyrir atvinnurekstur af öðru tagi. En áður en til einhverra aðgerða er gripið þurfa að liggja fyrir ítarlegar rannsóknir og greiningar á rekstrarumhverfi fjölmiðla hér á landi og jafnvel einnig á fjölmiðlaumhverfinu almennt til að að byggja ákvarðanir á.